



Bókun

Málnr.: **023-076-S-035**

Dags: **11. febrúar 2023**

Staður: **Ísafjarðardjúp**

Lýsing: **Maður slasast á hendi**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Maður slasast á hendi

Skipaskrár. nr. 1972
Útgerð: Þorbjörn hf.
Smíðaður: Flekkefjord Noregur, 1988
Stærð: 1551 BT
Mesta lengd: 62,96 m Skráð lengd: 54,08 m
Breidd: 11,00 m
Vél: Deutz 1988, 1850 kW
Fjöldi skipverja: 26



Gögn: Sjúkratryggingar Íslands
Rnsa

Atvikalýsing:

Þann 11. febrúar 2023 um kl. 21:00 var Hrafn Sveinbjarnarson kominn inn á Ísafjarðardjúp vegna veðurs. Skipverji sem var að vinna við þrif á vinnsluþilfari klemmdist á hendi. Töluvert sár varð af og ákvað skipstjórinn að koma hinum slasaða til læknis og kom björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar í Bolungarvík að skipinu og flutti hann í land.

Veður var S 20+ m/s.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Háseti var við vinnu á vinnsludekki að þrifa með háþrýstidælu. Hann var að þrifa böndin í flökunarkari og voru þau í gangi. Það slökknaði á þeim og kveikti á þeim aftur með hægri hendi með því að ýta á þrýstirofa sem var við hliðina á honum. Hann hélt í háþrýstibyssuna með vinstri hendi og var endinn á byssunni þá ofan í flökunarkari.
- Þegar böndin fóru af stað festist endinn á háþrýstibyssunni í skóflu í þvottakarinu og reif í byssuna.
- Klemmdist þá vinstri höndin á milli skjólborðs á flökunarkarinu og byssu handfangsins.
- Töluvert sár varð af og ákvað skipstjórinn að koma hinum slasaða til læknis.
- Hringt var í vaktstöð siglinga og var ákveðið að bátur frá slysavarnafélaginu í Bolungarvík kæmi að sækja hinn slasaða.

5. febrúar 2024 Guðmundur Freyr Úlfarsson, Hilmar Snorrason, Pálmi Jónsson, Hjörtur Emilsson og Jón Finnbjörnsson.